

Eftirlitsnefnd fasteignasala

Til fasteigna- og skipasala

Nr. 2/2016

Reykjavík, 8. febrúar 2016.

Efni: Kynningarfundur vegna nýrrar lagasetningar um störf fasteignasala.

Ágæti fasteignasali.¹

Eins og kunnugt er gengu í gildi á síðasta ári lög um sölu fasteigna og skipa, nr. 70/2015, sem leystu af hólmi lög nr. 99/2004, sbr. umburðarbréf eftirlitsnefndar nr. 1/2015. Þá voru samþykkt á haustþingi 2015 lög nr. 131/2015 sem breyttu lögnum, sbr. umburðarbréf eftirlitsnefndar nr. 1/2016.

Með framangreindri lagasetningu urðu ýmsar breytingar á starfsumhverfi fasteignasala, svo sem varðandi kvörtunarmál, þóknunar fasteignasala og mögulega skaðabótaábyrgð þeirra vegna milligöngu um sölu fasteigna. Auk þess skilgreina lögin mun betur en áður þau störf sem fasteignasölum er ætlað að sinna í skjóli löggildingar sinnar. Með breytingalögnum var m.a. kveðið á um starfsheimildir þeirra sem leggja stund á nám til öflunar réttinda til sölu fasteigna og skipa, auk tveggja bráðabirgðaheimilda.

Af þessu tilefni vill eftirlitsnefndin bjóða fasteignasölum, ásamt þeim starfsmönnum þeirra sem málið kann að varða, til almenns kynningarfundar um framangreind mál. Fundurinn verður haldinn á **Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, þriðjudaginn 16. febrúar 2016, kl. 8:30 – 10:00**. Þess er vinsamlegast óskað að þeir sem hyggist mæta skrái sig með því að senda tölvuskeyti til eftirlitsnefndar á netfangið: eff@anr.is.

F. h. eftirlitsnefndar fasteignasala


Þóroddur Bogason form.


Kristín Ólafsdóttir hdl.

¹ Umburðarbréfi þessu er beint bæði til fasteignasala og skipasala en til hagræðis er orðið fasteignasali notað.